

Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um tekjur og útgjöld Löggildingarstofu.

Frá Ögmundi Jónassyni og Gísla S. Einarssyni.

1. Hverjar eru heildartekjur Löggildingarstofu og hvernig skiptast þær samkvæmt eftirfarandi:
 - a. tekjur af rafveitueftirlitsgjaldi samkvæmt reglugerð um raforkuvirki, þ.e. gjaldi af orkusölu sem innheimt er til rafmagnseftirlits,
 - b. tekjur af markaðseftirliti með:
 1. rafföngum og rafmagnstækjum,
 2. leikföngum og fleiru,
 - c. tekjur mælifræðideildar; tekjur af kvörðunum og löggildingum mælitækja,
 - d. tekjur faggildingasviðs,
 - e. aðrar tekjur, ef einhverjar eru, af hverju og hve miklar?
2. Hvernig skiptast útgjöld Löggildingarstofu:
 - a. til rafmagnseftirlits, greiðslur til skoðunarstofa vegna verkefna á vegum Löggildingarstofu,
 - b. til markaðseftirlits raffanga,
 - c. vegna markaðseftirlits leikfanga o.fl.,
 - d. vegna mælifræðideildar,
 - e. vegna faggildinga,
 - f. vegna rekstrar yfirstjórnar og skrifstofuhalds?
3. Hversu mikið af tekjum Löggildingarstofu verður eftir í ríkissjóði?

Skriflegt svar óskast.